



Stjórnarfundur Körfuknattleiksdeildar Vestra 3. maí 2018

Haldinn í íþróttahúsinu Torfnesi. Fundur settur kl. 16:35. Fyrsti fundur stjórnar sem kjörin var á aðalfundi deildarinnar þann 29. apríl. Mætt: Ingólfur Þorleifsson, formaður, Birna Lárusdóttir, Harpa Guðmundsdóttir, Sveinn Rúnar Júlíusson, Helga Salóme Ingimundardóttir og Ingi Björn Guðnason sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. Stjórn skiptir með sér verkum
Á aðalfundi KKd. Vestra þann 29. apríl var kjörin ný stjórn deildarinnar. Á fundinum var Ingólfur Þorleifsson kjörinn formaður. Nýkjörin stjórn skipti með sér verkum á eftirfarandi hátt: Harpa Guðmundsdóttir, gjaldkeri, Ingi Björn Guðnason, ritari, Birna Lárusdóttir, tengiliður stjórnar í Barna- og unglingaráð, Sveinn Rúnar Júlíusson meðstjórnandi.
2. Skipun í Barna- og unglingaráð
Stjórn KKd. Vestra skipar auk Birnu Lárusdóttur formans Barna- og unglingaráðs eftirfarandi félagsmenn í ráðið: Guðfinna Hreiðarsdóttir, Heiðrún Tryggvadóttir, Dagný Finnbjörnsdóttir, Arna Sæmundsdóttir. Stjórn KKd. Vestra felur Barna- og unglingaráði að skipa varamenn. Barna- og unglingaráð skiptir sjálft með sér verkum samkvæmt reglugerð um Körfuknattleiksdeild.
3. Fjárafánir – Árs hátíð Ísafjarðarbæjar
Farið yfir verkefnið. Rætt um agnúa í framkvæmd sem þarf að sníða af ef þessi fjáröflun kemur upp á næsta ári. Harpa mun setja niður punkta á blað um framkvæmdina til að ganga úr skugga um að þetta sé skjalfest á meðan verkefnið er enn ferskt í minni.
4. Sumarleyfi yfirþjálfara
Birnu og Ingólfi falið að ganga frá samkomulagi við þjálfarann um hvernig sumarleyfi verður háttað.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 17:35.